

LÖG
um breytingu á lögum um Lánaþjóf íslenskra námsmanna, nr. 21/1992
(lánaþjóf aðfaranáms).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sjóðnum er heimilt samkvæmt nánari úthlutunarreglum að veita námsmönnum námslán til aðfaranáms, allt að 60 stöðluðum framhaldsskólaeiningum, sé námið skipulagt af viðurkenndum háskóla og samþykkt af ráðherra, óháð því hvort námið fer fram innan háskóla eða innan viðurkennds skóla á framhaldsskólastigi á grundvelli samnings við viðurkenndan háskóla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 14. júní 2017.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Kristján Þór Júlíusson.